

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

## NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

### UM

## SORPFÖRGUN BYGGÐASAMLAGSINS HULU

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar sorpförgun aðildarsveitarfélaga Byggðasamlagsins Hula, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Byggðasamlagið Hula.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Sorpförgun í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppum, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Sorpi verður fargað í sorpokustöð á Kirkjubæjarklaustri í Skaftárhreppi og á urðunarstöðum á Skógasandi í Austur-Eyjafjallahreppi, við Uxafótarlæk í Mýrdalshreppi og á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

**Markmið framkvæmdar:** Að stuðla að heildarlausn sorpmála á samlagssvæðinu þannig að sorpförgun verði hagað í samræmi við kröfur gerðar til slíks reksturs.

**Frumathugun:** Þann 9. febrúar 1998 var framkvæmdin tilkynnt til Skipulagsstofnunar af verkfræðistofunni Hönnun hf. sem vann skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 20. febrúar 1998 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og í auglýsingabæklingnum Vitanum þann 25. febrúar 1998. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 20. febrúar 1998 til 27. mars 1998 á sveitarstjórnarskrifstofum Skaftár-, Mýrdals- og A- og V-Eyjafjallahreppa og í Esso-söluskálanum í Steinum. Einnig í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar A- og V-Eyjafjallahreppa, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðarinnar, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Hula - Sorpförgun Byggðasamlags. Frummat á umhverfisáhrifum. Hönnun hf. verkfræðistofa. Febrúar 1998.

**Önnur gögn:**

Bréf Hönnunar hf. dags. 31. mars 1998: Umsagnir og athugasemdir við matsskýrslu um sorpförgunarframkvæmdir Byggðasamlagsins Hulu. Eftirtalin fylgiskjöl með bréfi Hönnunar hf.:

Hugsanlegir sorpurðunarstaðir á mið-Suðurlandi. Jarðfræðiskýrsla.

Sorpurðun á Skógasandi. Jarðfræðiathugun.

Vindstyrks- og vindáttagögn frá veðurathugunarstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

Bréf frá Ágústi H. Bjarnasyni, Vistfræðistofunni. Svör við umsögnum um gróðurfar og dýralíf.

**2. UMSAGNIR**

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **A-Eyjafjallahrepps** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 11. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„...það er mat Austur-Eyjafjallahrepps að matsskýrslan geri nægjanlega grein fyrir umhverfisáhrifum og fyrirhuguðum mögulegum mótvægisáðgerðum.*

*Ekki verður séð að nokkrir þættir fyrirhugaðra framkvæmda hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Frekast væri það slæm umgengni sem gæti haft nokkur umhverfisáhrif í formi foks frá urðunarstöðum. Það er þó á valdi sveitarfélaganna að hafa stjórn á þeim þætti og samkvæmt reynslu okkar til þessa er ekki ástæða til að óttast þennan þátt.*

*Ekki eru gerðar athugasemdir við framlagða frummatsskýrslu.“*

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **V-Eyjafjallahrepps** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 28. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Hreppsnefnd ákvað að gera ekki athugasemd við skýrsluna.“*

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **Mýrdalshrepps** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 11. mars 1998 sem er samhljóða umsögn Austur-Eyjafjallahrepps hér á undan.

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **Skaftárhrepps** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 25. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Varðandi framlagt frummat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við framsetningu matsskýrslunnar og telst hún, að mati hreppsnefndar, gera nægjanlega grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem fjallað er um.*

*Höfundar matsskýrslunnar, Hönnun hf, hafa í frummatsskýrslunni tekið til greina athugasemdir hreppsnefndar Skaftárhrepps; sbr. bréf dags. 23.10.1997.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 13. mars 1998. Þar segir m.a.:

„ Náttúruvernd ríkisins lýsir ánægju sinni með að tekist hefur samkomulag um skipulag sorpförgunar í framangreindum hreppum. Náttúruvernd ríkisins leggst ekki gegn sorpförgun á þeim stöðum sem lýst er í framangreindri matsskýrslu á Skógarsandi, við Uxafótarlæk og á Stjórnarsandi. Ljóst er að sorporkustöð sem staðsett verður á Kirkjubæjarklaustri mun ekki uppfylla þá kröfu, samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, að móttökustöðvar fyrir sorp og annan úrgang skulu vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu og sölustöðum, heilbrigðisstöðum eða öðrum dvalarstöðum fólks. Aðstandendur sorporkustöðvarinnar verða því að fá undanþágu frá reglugerðinni til þess að reka stöðina þar sem henni er ætlaður staður á Kirkjubæjarklaustri.

Að öðru leyti vill stofnunin koma með eftirfarandi athugasemdir og áréttingar:

- 1) Ljúka þarf við deiliskipulag fyrir öll urðunarsvæðin.
- 2) Ganga þarf frá girðingum og öðru sem á að hindra fok frá sorphaugunum áður en þeir verða teknir í notkun. Landslagsarkitekt verði fenginn til að skipuleggja frágang á jarðvegsmönnum og girðingum í kringum svæðin þannig að mannvirki falli sem best að umhverfinu og valdi sem minnstri sjónmengun enda urðunarstaðirnir allir í nálægð við mikla ferðamannastaði.
- 3) Tryggja þarf að mokað verði jafnóðum yfir sorp til að koma í veg fyrir fok af svæðinu og hindra að fuglar og önnur dýr eigi aðgang að sorpinu.
- 4) Leita þarf álits sérfræðinga að lokinni urðun með tilliti til vals á plöntu- tegundum til uppgræðslu þar sem það á við.
- 5) Tryggja þarf að komið verði upp skipulegri flokkun á sorpi samfara því sem að nýir urðunarstaðir verða teknir í notkun eins og til stendur skv. matsskýrslu . Með því móti má koma í veg fyrir urðun á spilliefnum og öðrum óæskilegum úrgangi sem þarf að eyða á annan hátt jafnframt því sem að endurnýtanlegt sorp fer til endurvinnslu. Flokkun tryggir einnig að eingöngu verði brennt það sorp í sorpbrennslustöðinni á Kirkjubæjarklaustri sem til þess er hæft að mati Hollustuverndar ríkisins.
- 6) Samkvæmt matsskýrslu virðist ekki þurfa að fara í neina sérstaka efnistöku umfram það sem hægt er að vinna á urðunarstöðunum sjálfum. Náttúruvernd ríkisins minnir þó á að vanda þarf val á efnistökuverndum komi til þess og að jafnframt þarf að huga vel að frágangi náma að vinnslu lokinni.
- 7) Tryggja þarf að eingöngu verði urðaður flokkaður úrgangur norðan vegar við Uxafótarlæk. Það er ekki nægjanlegt að mati Náttúruverndar ríkisins að talað sé um byggingarúrgang því hann getur verið af margvíslegum uppruna. Sá úrgangur sem verður urðaður á þessum stað þarf að vera þess eðlis að ekki sé hætt á að hann mengi grunnvatn og má í því sambandi benda á að matjurtargarðar íbúa á Vík eru sunnan vegar.
- 8) Í skýrslunni er lagt til að komið verði upp sýnatökustöðum á Skógasandi til að mæla mengun sigvatns. Náttúruvernd ríkisins leggur til að sýnatökumstöðum verði einnig komið upp við sorpurðunarstaðinn á Stjórnarsandi vegna

staðsetningar hans inni í landi þó að hann sé í nálægð við vatnsmikla á sem viðtaka.

9) Ekki er gerð nægjanlega vel grein fyrir dreifingu mengunarefna frá sorporkustöð þar sem vantar að sýna vindrósir og styrk efna í misjafnri fjarlægð frá orkustöðinni. Kanna þarf sérstaklega í starfsleyfi hvort þörf verði á sérstökum mengunarvarnarbúnaði vegna staðsetningu sorporkustöðvarinnar.

Náttúruvernd ríkisins áskilur sér allan rétt til að koma með frekari athugasemdir ef og þegar tillögur Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir urðunarstaðina verður lagt fram til umsagnar.“

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 20. mars 1998. Þar segir m.a.:

„Ekki verður fjallað um öll efnisatriði skýrslunnar hér heldur einungis um mengunarþáttinn. Meginniðurstaða skýrslunnar er að urðun úrgangs á ofanefndum stöðum hafi ekki óæskileg áhrif á umhverfið nema síður væri. Þessi niðurstaða er rökstudd t.d. með vísan í það að allsstaðar á svæðinu hafi úrgangur áður verið brenndur í opnum gryfjum eða þróm og einnig urðaður, án þess að um flokkaðan úrgang hafi verið að ræða. Þannig er líklegt að eitthvað af spilliefnum hafi farið til förgunar hér áður fyrir. Því verður að telja að fyrirhugaðar framkvæmdir bæti í raun ástandið þar sem spilliefnum er nú safnað sér og opin brennsla úrgangs ekki lengur leyfileg.

Efnamengun af völdum sigvatns er lauslega metin, m.a. með hliðsjón af mælingum við aðra urðunarstaði á landinu, en hún var hvergi mæld í grunnvatni á svæðinu. Ekki verður séð að það þjóni nokkrum tilgangi að mæla grunnvatn í afrennsli frá urðunarstað við Skógasand og Uxafótarlæk vegna legu þeirra á sandflæmi í lítilli fjarlægð frá opnu hafi, en öðru máli gegnir um urðunarstaðinn á Stjórnarsandi þar sem líklegur viðtaki er Skaftá. Því er lagt til að sýnatökubrunni verði ekki komið fyrir við urðunarstaðinn á Skógasandi, eins og er gert ráð fyrir í skýrslunni, heldur á Stjórnarsandi.

Ekki er í skýrslunni fjallað um gasmyndun eða -nýtingu frá úrgangi nema í sambandi við mengun. Gasið er alltaf blanda metans og koldíoxíðs, en á bls. 20 í skýrslunni segir að það sé einungis þegar sorphaugur eldist, gasið hafi hinsvegar aðra samsetningu í byrjun. Líklegast er átt við að metan og koldíoxíð eru í öðruvísi hlutföllum í upphafi en þegar sorphaugur eldist eða honum hefur verið lokað, en þetta eru alltaf megingastegundirnar. Vegna smæðar urðunarstaða verður að teljast ósennilegt að tæknileg vinnsla gass komi nokkurn tíma til greina.

Lítið er fjallað um endurvinnslu eða endurnýtingaráform þeirra sveitarfélaga sem standa að Byggðasamlaginu HULU. Á bls. 12 er fjallað um urðun úrgangs við Uxafótarlæk, m.a. á landbúnaðarplasti. Landbúnaðarplast sem og önnur efni, t.d. seyra, ásamt öðrum lífrænum úrgangi, eru tilvalin til endurnýtingar, t.d. orkuvinnsla eða jarðgerð. Það hefði mátt fjalla meira um opinbera stefnu í endurvinnslumálum, þ.m.t. einnig stefnu sveitarfélaga, t.d. reglugerð um umbúðaúrgang.

*Eini þátturinn í þessum framkvæmdum sem er alveg nýr er brennslustöð á Kirkjubæjarklaustri. Ekki liggur fyrir mat á mengun frá svartolíubrennslu sem er til staðar, en notkun svartolíu mun minnka með brennslu flokkaðs úrgangs. Nýmæli er líkan á dreifingu og styrk mengunarefna frá brennslunni sem sýnir að styrkur jafnvel við verstu aðstæður ætti að vera langt innan allra viðmiðunarmarka fyrir loftgæði. Þetta sýnir að vel kemur til greina að staðsetja brennslustöð af þessum toga mjög nálægt notanda á orku, í þessu tilfalli skóla. Það sem helst vantar er vindátta- og vindstyrksdreifing fyrir Kirkjubæjarklaustur til að átta sig á því í hvaða vindátt megi búast við mestu mengun gagnvart íbúum á staðnum.*

*Skýrslan gerir á viðunandi hátt grein fyrir öllum helstu efnisatriðum sem talin eiga vera í matsskýrslu fyrir framkvæmdir vegna meðferðar úrgangs. Hollustuvernd ríkisins telur að neikvæð og jákvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafi þannig verið dregin saman að ljóst er að framkvæmdirnar bæta verulega meðferð úrgangs á þjónustusvæði HULU. Stofnunin óskar eftir því að samantekt vindátta- og vindstyrksmælinga fyrir Kirkjubæjarklaustur verði bætt við matsskýrslunni. “*

Leitað var umsagnar **Náttúrufræðistofnunar Íslands** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 25. mars 1998. Þar segir m.a:

*„Í umsögninni sem hér fylgir er aðeins fjallað um náttúrufar og þætti sem geta haft áhrif á það.*

*Um er að ræða þrjú svæði sem á að nota til sorpurðunar, (1) á Skógasandi, (2) við Uxafótarlæk og (3) á Stjórnarsandi, auk (4) svæðis sem fer undir sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri.*

*Fyrirhuguð staðsetning á Klaustri - á ræktuðu graslendi inni þorpinu - er slík að ástæðulaust er að fjalla frekar um hana, enda er búið að raska þarna náttúrulegu umhverfi fyrir löngu. Umsögn þessi beinist því einkum að hinum svæðunum þremur, en almenn atriði um gagnaöflun eiga við um alla staðina. [...]*

*Grunnskýrslur um jarðfræði, plöntur og dýralíf vantar og er það verulegur galli á matsskýrslunni. Slík gögn verða að vera til staðar svo unnt sé að meta af einhverju öryggi gæði þeirra vinnu sem liggur bak gagnasöfnun. Skýrslna um jarðfræðikannanir er raunar getið í heimildaskrá, en þar sem um er að ræða óbirtar skýrslur sem erfitt er að nálgast ættu þær að fylgja.*

*Ekkert kemur fram í matsskýrslunni hvenær athuganir á gróðri eða dýralífi fóru fram. Slíkar upplýsingar verða að fylgja til þess að hægt sé að leggja mat á hversu líkleg gögnin eru til að gefa raunhæfa mynd af gróðri og dýralífi á stöðunum. Engu að síður er sennilegt að gróðurlýsing (kaflar 4.4 og 4.5) sé nokkuð lýsandi miðað við staðhætti sem bjóða upp á fremur fábreyttan gróður. [... ]*

*Ekkert er fjallað um aðalþætti fuglalífs, þ.e. varpfuglana, fargesti eða aðra fugla sem nýta svæðin reglubundið.*

*Af skýrslunni er heldur ekki unnt að ráða hvort þarna séu einhverjar jarðfræðilega merkar minjar. Staðhættir benda til þess að svo sé ekki og vera*

kann að jarðfræðikannanir þær sem getið er í heimildaskrá fjalli eitthvað um þetta.

Þá er mengun frá haugunum álitin lítil sem engin (bls. 23), en svo er ekki að sjá að mengunarhætta hafi verið metin af viðurkenndum kunnáttumönnum. Sérstaklega ber að varast vatnsmengun, bæði lífræna mengun og mengun frá þungmálmum eða öðrum hættulegum efnum.

### **Umhverfisáhrif**

Í matsskýrslunni kemur fram að sorpi hefur verið fargað í meira eða minna mæli á öllum urðunarstöðunum til þessa. Ásýnd svæðanna hefur því væntanlega tekið einhverjum breytingum frá náttúrulegu horfi. Hverjar þær eru er óþekkt, eða að minnsta kosti óskráð, því engar lýsingar eru fyrir hendi.

Hvað náttúrufar snertir beinist umhverfismatið öðru fremur að því að búa þannig um hnútana að umhverfið spillist sem minnst við aukna sorpförgun. Umhverfismat snýst ekki síður um að reyna fá fram hvort svæðin eru að einhverju leyti mikilvæg náttúrufarslega. Slíkt er ekki hægt að meta af neinu raunsæi nema tilheyrandi yfirlitsgögn eru fyrir hendi. Að vísu er hægt að vissu marki að lesa um náttúrufar út frá landslagi og öðrum staðháttum, en slík vinnubrögð koma aldrei í stað náttúrufarslýsinga af þeim svæðum sem verður raskað eða verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum. Áhrif framkvæmda á umhverfið verða þá að miklu leyti getgátur og umhverfismatið missir marks.

Engar sjaldséðar háplöntutegundir eru skráðar í matsskýrslunni. Eini fundarstaður einnar mosategundar, *Cirriphyllum crassinervium*, er rétt vestan við urðunarstaðinn á Stjórnarsandi (sjá válista Náttúrufræðistofnunar Íslands 1996, bls. 56). Tegundin gæti fundist víðar í landinu, þ. á m. á urðunarstaðnum, en þetta er a.m.k. eini fundarstaðurinn til þessa. Þá fannst sveppurinn *Aleuria aurantia* á Stjórnarsandi og er það aðeins annar fundarstaður tegundarinnar hérlendis. Engu að síður segir í skýrslunni (kafla 6.2.4, bls. 27) að engin ástæða sé til að gera sérstakar ráðstafanir til verndar henni. Sú fullyrðing er ekki rökstudd frekar og meðan svo er hlýtur að þurfa taka tillit til svo sjaldséðrar plöntu. Þar sem sveppurinn er mjög stór tegund og áberandi, er líklegt að hann sé raunverulega sjaldgæfur, frekar en að ekki hafi verið tekið eftir honum. Ein háplanta, giljaflækja, sem er sjaldgæf á landsvísu er að finna í sama 10x10 km reit og Uxafótarlækur, þ.e. við Höfðabrekku (sjá válistann, bls. 30). Vaxtarstaðurinn er hins vegar ekki á söndunum, heldur í frjósömu gróðurlendi. [...]

Fyrirliggjandi gögn um tegundir og útbreiðslu fugla gefa einungis grófa mynd og ekki unnt að nota þau nákvæmlega þar sem urðunarstaðir eru fyrirhugaðir. Niðurstaðan er því sú að edlilegt er að kunnáttufólk fari á staðina og lýsa fuglalífi þeirra á raunverulegan hátt.

Í kafla 5 (bls. 20) er áhrifum mengunar skipt í þrennt. Einn þáttur er að sorpförgun laði að óæskileg dýr, spendýr, fugla og skordýr. Þessa þáttar er getið fyrst, hvort sem skilja eigi svo að hann sé mikilvægastur eða ekki. Hvað sem því líður er þessa þáttar ekkert getið frekar, nema staðhæft að lítil hætta sé af þeim þar sem mokað eigi yfir samdægurs (bls. 28). Augljóst er að mat á

*hættu vegna þessa hefur ekki farið fram, en matið byggir m.a. á því að hafa raunhæfar upplýsingar um fjölda og dreifingu dýranna í nágrenninu.*

### **Mótvægisáðgerðir**

*Áður en unnt er að leggja raunhæft mat á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir (bls. 33) eða leggja til aðrar, er nauðsynlegt að upplýsingagrunnurinn sé bættur. Því er lagt til að:*

- *almennileg lýsing á fuglalífi verði framkvæmd á stöðunum á sumri komanda*
- *tekið verði saman yfirlit um hversu líkleg dýr og þá hvaða eru að leita á förgunarstaðina miðað við staðhætti, dýralíf í nágrenninu og fyrirbyggjandi upplýsingar á því hvernig frágangi á sorpstöðunum verður háttað*
- *mengun af völdum óæskilegra efna í sigvatni verði könnuð“*

Leitað var umsagnar **Landgræðslu ríkisins** með bréfi, dags. 24. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 25. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Með vísan til bréfs yðar frá 24.02.98 þá telur Landgræðslan að nægjanlegt tillit sé tekið í matsskýrslunni til ábendinga stofnunarinnar frá 17. ágúst 1997.“*

Leitað var umsagnar **Vegagerðarinnar** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 23. febrúar 1998. Þar segir:

*„Gert er ráð fyrir að urðunarsvæði og sorpbrennsla verði tengd þjóðvegakerfinu með nýjum vegum. Ekki verður séð að umtalsverð umhverfisáhrif verði af gerð þessara vega. Hins vegar er minnt á að tengingar þeirra við þjóðvegakerfið eru háðar samþykki Vegagerðarinnar (30. gr. Vegalaga) og er rétt að snúa sér til umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Selfossi hvað það varðar.*

*Að öðru leyti gerum við ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna hvorki hvað snertir greinargerð um umhverfisáhrif né mótvægisáðgerðir.“*

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 24. febrúar 1998. Þar segir:

*„Í samræmi við lýsingar í frummati og önnur fyrirbyggjandi gögn gerir undirritaður [Árni Ísaksson veiðimálastjóri] ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Bein áhrif á fiskgeng fallvötn eru hverfandi en óbein áhrif á fiskstofna gætu skapast vegna fjölgunar á mávum og öðrum vargfugli ef urðun er ófullnægjandi. Fullnægjandi urðun heftir einnig fok á pappír og öðrum fokgjörnum úrgangi sem getur valdið umhverfisspjöllum í nágrenni veiðivatna. Markviss og reglubundin urðun og fullnægjandi eftirlit með framkvæmd hennar eru því lykilatriði.“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 17. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 23. mars 1998. Þar segir m.a.:

„Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir enda verður ekki séð að þær stefni þekktum menningarminjum í hættu.

*Komi í ljós áður óþekktar fornleifar eftir að framkvæmdir hefjast ber að tilkynna það Þjóðminjasafni Íslands án tafar.“*

**Skipulagsstofnun** sendi allar umsagnir til Hönnunar hf. Með bréfi, dags. 24. mars 1998 var óskað upplýsinga og svara við umsögnum Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins. Þar segir m.a.:

„Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að undanþágu þarf að fá frá ákvæðum mengunarvarnareglugerðar til reksturs sörporkustöðvar vegna staðsetningar hennar á Kirkjubæjarklaustri. Óskað er upplýsinga um hvort þessi undanþága er fyrir hendi. Þá er sérstaklega óskað svara við liðum 8 og 9.

*Svar óskast við umsögn Hollustuverndar ríkisins hvað varðar sýnatökubrunn á Stjórnarsandi, um endurvinnslu og vindátta- og vindstyrksdreifingu á Kirkjubæjarklaustri.“*

Í bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 27. mars 1998 var óskað upplýsinga vegna umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar segir m.a.:

„Varðandi umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands óskar Skipulagsstofnun að fá strax skýrslur Vistfræðistofnunar um athuganir á gróðri og dýralífi sem byggt er á og skýrslu Stapa ehf. um jarðfræði (heimild 14). Nánari upplýsingar óskast um fuglalíf, einkum varpfugla á urðunarsvæðunum og í næsta nágrenni þeirra. Einnig upplýsingar um hvaða dýr líklegt er að leiti á förgunarstaðina miðað við staðhætti og um dýralíf í nágrenni.“

**Hönnun hf.** svaraði umsögnum með bréfi, dags. 31. mars 1998, þar sem segir m.a.:

„Svar við umsögn **Náttúruverndar ríkisins**: Skipulagsstofnun óskar eftir með tilvísan í umsögn Náttúruverndar ríkisins upplýsinga um hvort undanþága ákvæðis 45. greinar heilbrigðisreglugerðar 149/1990 um fjarlægð móttökustöðva frá íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum eða öðrum dvalarstöðum fólks fáist. Í umsögn Hollustuverndar ríkisins um matsskýrsluna dagsett 20. mars 1998 segir að vel komi til greina að staðsetja sörporkustöðina á þeim stað sem fyrirhugaður er. Ekki liggur fyrir undanþága frá heilbrigðisreglugerð en líklegt er að hún fáist þegar um verður sótt að sögn Hollustuverndar ríkisins.

Svar við lið 1: Með matsskýrslu fylgja deiliskipulagsuppdrættir af urðunarstöðunum ásamt breytingartillögu um aðalskipulag Kirkjubæjarklausturs. Skipulagsferli þessara tillagna er eftir.

Svar við lið 2: Greint er frá í matsskýrslu (bls. 33) að urðunarsvæðin verði afgirt. Nú þegar hefur urðunarstaðurinn á Skógasandi verið girtur af. Á Stjórnarsandssvæðinu hefur Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt séð um að móta tillögur að skipulagi og einnig hefur hann gert tillögu að fyrirkomulagi sörporkustöðvar.

Svar við lið 8: Skv. umsögn Hollustuverndar ríkisins dagsett 20. mars síðastliðinn er ekki talin þörf á sýnatökubrunni á Skógasandi né Uxafótarlæk. Hins vegar er mælt til að slíkum brunni verði komið fyrir við urðunarstaðinn á



*Stjórnarsandi og er ætlunin að það verði gert í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins.*

*Svar við lið 9: Meðfylgjandi er vindrós sem gerð er eftir veðurgögnum frá Kirkjubæjarklaustri. Einnig eru hjálagðar vindstyrksmælingar skv. sömu veðurgögnum. Varðandi þörf á mengunarvarnarbúnaði hefur komið fram í samtölum við Lúðvík Gústafsson hjá Hollustuvernd ríkisins að slíks búnaðar sé ekki þörf. Í því samhengi er bent á fylgiskjal 1 með matsskýrslu þar sem fram kemur að mesta hugsanlega mengun er vel undir viðmiðunarmörkum. Einnig segir í 7. grein viðauka 23 með mengunarvarnareglugerð að heimilt sé að veita undanþágu frá reglum um sorpbrennslustöðvar ef sorpi með orkunýtingu í huga er brennt að uppfylltum vissum skilyrðum. Loks skal bent á að sams konar sorporkustöð sem staðsett er að Svínafelli og ekki er búin mengunarvarnarbúnaði gefur ekki vísbendingu um að loftmengun geti verið umtalsverð. Í sorporkustöðinni að Svínafelli er öllum úrgangi brennt en á Kirkjubæjarklaustri verður eingöngu brennt flokkað sorp sem laust er við mengandi efni (sbr. bls. 11 í matsskýrslu).*

**Svar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:** *Sem svar við athugasemd stofnunarinnar við athugun á gróðri og fuglalífi fylgir með sérstakt bréf frá Ágúst H. Bjarnasyni höfundu kafla um flóru, gróður og dýralíf í matsskýrslu. Því sem snýr að öðru en lífríki er leitast við að svara hér að neðan.*

*Í kaflanum “matsskýrsla” í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er gerð athugasemd við að mengun frá urðunarstöðunum er álitin hverfandi. Varðandi það sem fram kemur á bls. 23 í matsskýrslunni að mengunin frá urðunarstöðunum sé álitin lítil, liggur það að baki að vitnað er í upplýsingar frá Hollustuvernd ríkisins varðandi efnainnihald sigvatns á Íslandi þar sem fram kemur að sigvatnsmengun frá urðunarstöðum hér á landi er yfirleitt ekki mikil, sérstaklega ekki ef um er að ræða litla urðunarstaði. Þegar við þetta bætist að urðun mun eingöngu fara fram á úrgangi sem ekki inniheldur hættuleg efni (sbr. kafla 2 í matsskýrslu, lýsingu á þeim úrgangi sem urðaður verður) er réttlætanlegt að draga þá ályktun að sigvatnsmengun sé hverfandi. Ekki er gerð athugasemd vegna þessa í umsögn Hollustuverndar ríkisins.*

*Í kaflanum “umhverfisáhrif” í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er gerð athugasemd við að ekki sé reynt að lýsa svæðunum sem um ræðir eins og þau voru áður en nokkur starfsemi hófst á þeim. Það er mat höfunda matsskýrslu að “lýsing á grunnástandi svæðis” miðist við það ástand sem ríkir áður en ráðist er í þær framkvæmdir sem um er fjallað í matsskýrslu, en ekki það ástand sem ríkti áður en þeim var raskað upphaflega, jafnvel fyrir mörgum árum síðan.*

*Í kaflanum “mótvægisáðgerðir” í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er lagt til að mengun af völdum óæskilegra efna í sigvatni verði könnuð. Eins og segir á bls. 33 í matsskýrslu munu mengunarmælingar fara fram eins og kveðið verður á um í væntanlegum starfsleyfum. Það er mat matskýrsluhöfunda að slíkar mælingar þjóni tilgangi sínum að öllu leyti, þó ekki verði ráðist í dýrar og ónaudsýnlegar mælingar á sigvatni á þessari stundu. Hollustuvernd ríkisins gerir ekki athugasemd varðandi vöntun á mengunarmælingum á sigvatni.*

**Svar við umsögn Hollustuverndar ríkisins:** Varðandi það að lagt sé til að sýnatökubrunni verði komið fyrir við urðunarstaðinn á Stjórnarsandi í stað Skógasands er því til að svara að sveitarstjórn Skaftárhrepps er reiðubúin að koma fyrir sýnatökubrunni á Stjórnarsandi. Mælt er til að Hollustuvernd ríkisins leiðbeini og verði innan handar við það verk.

*Við samsetningu á gasi sem myndast á urðunarstöðum er átt við að hlutfall milli metans og koldíoxíðs breytist eins og fram kemur í umsögn.*“

Eftirfarandi er bréf **Ágústs H. Bjarnasonar Vistfræðistofnunar**, dags. 30. mars 1998, sem vísað er til hér að framan. Þar segir m.a.:

*„Í athugasemdum, sem hér fara á eftir, skal einungis vikið að því verkefni, sem Vistfræðistofnunar var falið og tilefni gefst til vegna umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands (N.Í.). Í fyrstu er vert að minna á, að mönnum verður að vera ljóst um hvers konar landssvæði hér ræðir og í annan stað, hve stóran hlut þessi mannvirki, sem verða vel afmörkuð, taka á þeim víðáttum, þar sem þeim er ætlaður staður.*

*Í umsögn N.Í. er sagt ástæðulaust að fjalla um sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri, »enda er búið að raska þarna náttúrulegu umhverfi fyrir löngu«. Minna má á, að á öllum hinum stöðunum er líka löngu búið að raska þar náttúrulegu umhverfi, eins og glöggir lesendur hefðu getað séð við lestur skýrslunnar. Þetta kemur meðal annars fram í lýsingu á flóru á Stjórnarsandi og við Uxafótarlæk og er því hvorki óþekkt né óskráð eins og haldið er fram í umsögninni.*

*Að því er fundið í umsögn N.Í., að »engar sjaldséðar háplöntutegundir eru skráðar í matsskýrslu«. Ástæðan er ofur einföld, engar slíkar tegundir fundust á umræddu svæði. [...] Vaxtarstöðum giljaflækju (Vicia sepium) er engin hættu búin, enda ekki þarna í grenndinni.*

*Þá er vikið að mosategundinni bakkabroddi (Cirriphyllum crassinervium), sem vex vestan við urðunarstaðinn á Stjórnarsandi og látið í veðri vaka, að sú tegund kunni að vaxa á svæðinu. Samkvæmt Fjölríti Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 33, Íslenskir mosar, lokkmosaætt eftir Bergþór Jóhannsson bls. 63, hefur tegund þessi aðeins fundizt á móbergsklettum við læk, sem er mjög einkennandi vaxtarstaður fyrir hana. Fullyrt get eg, að hún vex ekki á umræddum urðunarstað, enda engin skilyrði fyrir hana þar. [...]*

*Um skarlatdisk (Aleuria aurantia) er sagt, að »sú fullyrðing er ekki rökstudd frekar«, að engin ástæða sé til að gera ráðstafanir til varnar honum. Eg kynnti mér vaxtarstaði tegundarinnar í nágrannalöndum okkar og ráðfærði mig við Helga Hallgrímsson sveppafræðing á Egilsstöðum um það, hvort ástæða væri til að halda hlífiskildi yfir staðnum. Taldi hann enga ástæðu til slíks. [...]*

*Hvað kafla um dýralíf viðkemur skal það fram tekið, eins og reyndar má sjá af skýrslunni, að eg gerði enga úttekt hvorki á smádýra- né fuglalífi. Hins vegar er bent á þá staðreynd hvað fugla varðar, að almennt séð er hér um svo lítil, afmörkuð og einsleit svæði að ræða á miklum víðáttum, að framkvæmdir kunna vart að hafa áhrif á líf þeirra. Var þetta álit borið undir tvo dýrafræðinga, sem voru því sammála, og sáu engan raunhæfan tilgang í því að leggja í kostnað vegna þessa.*

*Önnur atriði í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru óviðkomandi þeim afmarkaða hluta í frummatsskýrslunni, sem eg kom nærri.“*

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma.

Athugasemd barst frá **Hilmari Gunnarssyni**, Kirkjubæjarklaustri, dags. 12. mars 1998. Þar segir m.a:

*„Á breitingartillögu að staðfestu aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988 til 2008 er fyrirhugað íþróttahús ekki sýnt.*

*Það getur varla talist eðlilegt að slíkt stórhýsi sem að líkindum verður reist í námunda við sorporkustöðina sé ekki tekið með í útreikninga á áhrifum stöðvarinnar.*

*Húsið gæti til dæmis skapað vindstrengi eða lognpolla sem hefðu slæm áhrif á dreifingu reyks frá brennslunni ásamt mörgu fleiru sem hugsast gæti.*

*Því hlýtur að vera rétt að taka íþróttahúsið með í umhverfismatið frá upphafi málsins, en það sýnist vanta á.“*

Athugasemd barst frá **Einar Sigurjónssyni hdl.** fyrir hönd erfingja Sigurlaugar Helgadóttur og eigenda Stjórnarsands sbr. samkomulag frá september 1996, dags. 24. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Umbjóðendur mínir telja að fyrirhugaðar framkvæmdir við sorpeyðingu á Stjórnarsandi fari ekki saman við þau áform sem þeir hafa um nýtingu á því svæði og ekki síst þar sem sitt hvoru megin við Stjórnarsand renna annars vegar Stjórn og hinsvegar Breiðbalakvísl, en að vestan Skaftá sem eru allar nýjaðar til veiða. Hvaða árhif sorpurðun myndi hafa á umhverfið er ófyrirséð og samrýmist ekki þeim hugmyndum sem umbjóðendur mínir hafa til nýtingar á þessu landi með útivist og hreinleika í fyrirrúmi. Einnig ber að geta þess að deilur eru uppi um eignarhald á þessu landi bæði hvað varðar hlut erfingja Sigurlaugar Helgadóttur í jörðinni Kirkjubæjarklaustri, að auki hefur ekki enn verið gengið endanlega frá merkjum milli aðliggjandi jarða, svo sem Prestbakka og Breiðabólstaðar og jafnvel við Geirland.“*

Skipulagsstofnun sendi **Hönnun hf.** allar athugasemdir. Með bréfi, dags. 27. mars 1998, var óskað upplýsinga vegna athugasemdar Einars Sigurjónssonar. Þar segir m.a.:

*„Varðandi athugasemd Einars Sigurjónssonar hdl. óskast sérstaklega gerð skýrari grein fyrir hvernig eignarhaldi á fyrirhuguðu urðunarsvæði á Stjórnarsandi er háttað og samkomulagi byggðasamlagsins Hulu við landeigendur um fyrirhugaða framkvæmd.“*

**Hönnun hf.** svaraði athugasemd Einars Sigurjónssonar hdl. f.h. erfingja Sigurlaugar Helgadóttur, með bréfi dags. 31. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Höfundum mats-skýrslu er vel kunnugt um að ágreiningur er um landamerki á Stjórnarsandi. Sá ágreiningur er óútkljáður og óvíst er með eignarhald á landi á umræddu svæði, en þó líklega að það liggi utan landamerkjá Kirkjubæjarklausturs.*

*Varðandi það sem fram kemur í bréfi Einars Sigurjónssonar hdl í sambandi við að sorpförgun sú sem áætluð er á Stjórnarsandi samræmist ekki fyrirhugaðri veiði í ánum í kring og annarri nýtingu svæðisins skal tekið fram að eins og kemur fram í matsskýrslu (bls. 11,12, 16, 23, 25, 27, 28, 29, 33 og 34) er talið að áhrif á umhverfið verði ekki þess eðlis í nágrenni Stjórnarsands að veiðimöguleikar, útivistarmöguleikar og hreinleiki landsins skerðist umtalsvert. Hafa ber í huga að fram hefur farið á svæðinu bæði brennsla og urðun á óflokkuðum úrgangi og sú starfsemi sem nú stendur til er mikil breyting til batnaðar. Að vísu skal tekið fram að fyrirhugað móttöku- og urðunarsvæði er nokkuð stórt (alls um 11 ha.) en landslagsarkitekt hefur verið fenginn til að sjá um skipulagstillögu og frágang. Þannig hefur mikið verið gert til að gera viðkomandi svæði á Stjórnarsandi sem best úr garði. Enn fremur kemur fram í umsögn veiðimálastjóra að bein áhrif á fiskgeng fallvötn vegna framkvæmdanna séu hverfandi og veiðimálastjóri gerir engar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.“*

Allar athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun þar til kærufrestur er liðinn.

## **4. UMHVERFISÁHRIF SORPFÖRGUNAR BYGGÐA-SAMLAGSINS HULU**

### **4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD**

Framkvæmdin sem hér er kynnt í frummatsskýrslu er sorpförgun í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppum, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Sorpinu á að farga í sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri og á urðunarstöðum á Skógasandi, við Uxafótarlæk og á Stjórnarsandi. Á Skógasandi er fyrirhugað að urða flokkað heimilissorp og ösku. Við Uxafótarlæk er áætlað að urða seyru, landbúnaðarplast og byggingarúrgang. Á Stjórnarsandi verður fargað sláturhúsaúrgangi, seyru og byggingarúrgangi. Þar verður einnig móttaka og söfnun á brotajárni og garðaúrgangi sem síðan er gert ráð fyrir að fjarlægja árlega. Fyrirhugaðri sorporkustöð er ætlað að brenna hluta úrgangsins á samlagssvæðinu og nýta á orkuna til húshitunar. Samhliða sorpförguninni verður sorphirða skipulögð betur og flokkun aukin frá því sem nú er.

Til þess að tryggja að engin spilliefni verði urðuð á Skógasandi hafa öll sveitarfélögin uppi áform um söfnun þessara efna.

#### **4.1.1 Hönnunarstærðir**

Gert er ráð fyrir að heildarúrgangur sem til fellur á samlagssvæðinu verði á bilinu 700-900 tonn/ári. Af því er áætlað að urða um 400 tonn á Skógasandi, á bilinu 40 - 80 tonn við Uxafótarlæk og að um 120-130 tonn verði brennd í sorporkustöð á

Kirkjubæjarklaustri. Afgangurinn verður annað hvort endurnýttur eða urðaður á Stjórnarsandi.

Stærð urðunarsvæðisins á Skógasandi er 6,9 ha samkvæmt deiliskipulagstillögu og áætlaður endingartími a.m.k. 20 ár. Heildarumfang svæðisins á Stjórnarsandi er um 11 ha og talið endast í a.m.k. 20 ár. Urðunarstaðurinn við Uxafótarlæk skiptist í tvö 2 ha svæði sem hægt er að nýta til urðunar í nokkra áratugi.

#### **4.1.2 Mengunarvarnir við förgun úrgangs**

Í frummatsskýrslu kemur fram að stefnt er að stóraukinni flokkun á úrgangi og aukningu í endurvinnslu. Með því verði tryggt að á urðunarstaði fari aðeins úrgangur sem ásættanlegt er að urða og í brennslu það sem til þess hentar. Sorpbrennslan á einnig að fara fram við svo hátt hitastig, a.m.k. 1000 °C í >0,5 sek, að skaðlegur útblástur verði í lágmarki. Góður frágangur á urðunarstað og umgengni eru skilyrði þess að draga megi úr hættu á foki og að óæskileg dýr komist ekki í sorpið.

## **4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG**

### **4.2.1 Núverandi landnotkun**

Á fyrirhuguðum urðunarstað á Skógasandi fer í dag fram urðun á heimilssorpi Eyjafjallahreppa og Mýrdalshrepps. Staðurinn er í næsta nágrenni eldri urðunarstaðar sem rekinn er með bráðabirgðaleyfi Hollustuverndar ríkisins. Svæðið er í jaðri túnræktar á Skógasandi og vegur að urðunarstaðnum liggur meðfram henni.

Um miðjan júlí 1997 hófst urðun á heimilissorpi Skaftárhrepps á Stjórnarsandi og er hún rekin með bráðabirgðaleyfi Hollustuverndar ríkisins. Áður var sorpið brennt í opnum gryfjum á Stjórnarsandi. Urðunarstaðurinn er á landgræðslusvæði og liggur vegur að honum.

Við Uxafótarlæk fer fram urðun á byggingarúrgangi Mýrdalshrepps á urðunarsvæði neðan (sunnan) þjóðvegur.

Sorporkustöðinni er ætlaður staður á svæði sem skv. aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs er fyrir opinberar stofnanir.

### **4.2.2 Breytt landnotkun**

Samkvæmt frummatsskýrslu eru fyrirhugaðar breytingar í sorpförgunarmálum ekki taldar hafa neikvæð áhrif á landnotkun urðunarsvæða þar sem sorpförgun hefur átt sér þar stað nú þegar. Umferð niður á Skógasand mun þó aukast nokkuð. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur gert tillögu um breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs þar sem hluti svæðis fyrir opinberar stofnanir verður ætlaður fyrir iðnað og atvinnurekstur og sorporkustöðinni komið þar fyrir. Náttúruvernd ríkisins bendir á mikilvægi þess að mannvirkin falli sem best að umhverfinu og valdi sem minnstri sjónmengun en allir urðunarstaðirnir eru í grennd við vinsæla ferðamannastaði.

Einar Sigurjónsson hdl. bendir á að sorpförgun á Stjórnarsandi fari ekki saman við áform umbjóðenda hans um nýtingu svæðisins með hreinleika og útivist í fyrirrúmi.

Samkvæmt svari Hönnunar hf. við umsögnum er nú þegar búið að girða af urðunarstaðinn á Skógasandi. Landslagsarkitekt hafi séð um að móta tillögur að skipulagi á Stjórnarsandi og fyrirkomulagi sorporkustöðvarinnar. Þá er bent á að í frummatsskýrslunni komi fram að framkvæmdir á Stjórnarsandi eru ekki taldar valda

slíkum áhrifum á umhverfið í nágrenninu að þær skerði umtalsvert veiði- og útivistarmöguleika né hreinleika lands. Framkvæmdirnar þar séu til mikilla bóta frá því sem verið hefur og vísað er til þess að veiðimálastjóri gerir ekki athugasemdir við þær.

Vegagerðin bendir á að tengingar vega við þjóðvegakerfið eru háðar samþykki hennar.

### 4.2.3 Samfélagsáhrif

Samkvæmt frummatsskýrslu teljast megin áhrif á samfélagið jákvæð þar sem mörkuð er stefna í förgun úrgangs sem tekur mið af umhverfissjónarmiðum með aukinni flokkun, endurvinnslu er stuðlar að minnkun sorpmagns og betri nýtingu auðlinda.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að tryggt verði að flokkun úrgangsins fari fram og sé forsenda þess að brennsla og urðun hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið. Einnig verði tryggt að mokað verði jafnóðum yfir sorpið til að koma í veg fyrir fok og aðgang dýra að því. Hollustuvernd ríkisins telur að í ljósi flokkunar úrgangs, söfnunar spilliefna og að opinni brennslu verður hætt muni fyrirhuguð framkvæmd bæta verulega meðferð úrgangs á þjónustusvæðinu. Bent er á að fjalla hefði mátt meira um opinbera stefnu í endurvinnslumálum.

## 4.3 ÁHRIF AF VATNSMENGUN

Í frummatsskýrslu er bent á að mengað sigvatn kemur frá sorphaugum og þar sem urðun hefur farið fram á öllum umræddum urðunarstöðum má gera ráð fyrir að grunnvatn neðan þeirra sé að einhverjum hluta mengað. Stefnt er að aukinni flokkun úrgangs og söfnun spilliefna sem mun draga úr mengun. Á Skógasandi er talið að þungmálmamengun standi að öllum líkindum í stað þrátt fyrir aukið sorpmagn. Lífræn mengun minnki vegna eðlis úrgangsins sem er flokkað heimilissorp og aska. Við Uxafótarlæk er talið að grunnvatnsmengun verði hverfandi vegna eðlis úrgangsins sem er byggingaúrgangur, landbúnaðarplast og seyra. Á Stjórnarsandi er aðeins gert ráð fyrir lífrænni mengun af völdum sláturhúsaúrgangs og seyru.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að norðan vegar við Uxafótarlæk verði að tryggja að aðeins sé urðaður flokkaður úrgangur því matjurtagarðar íbúa í Vík séu sunnan vegar. Þá leggur stofnunin til að sýnatökubrunnur verði gerður á Stjórnarsandi til þess að fylgjast með hugsanlegri mengun frá urðunarstaðnum, auk brunns sem er áformaður á Skógasandi. Hollustuvernd ríkisins telur ekki þjóna neinum tilgangi að mæla efnainnihald í grunnvatni frá urðunarstöðum á Skógasandi og við Uxafótarlæk vegna legu þeirra í sandflæmi nærri opnu hafi. Hins vegar verði komið fyrir sýnatökubrunni við urðunarstaðinn á Stjórnarsandi.

Í svörum Hönnunar hf. er vísað til umsagnar Hollustuverndar ríkisins þar sem ekki er gerð athugasemd við matsskýrsluna, hvað varðar vatnsmengun, önnur en sú að undirstrikað er að engum tilgangi þjóni að gera ráð fyrir sýnatökubrunni nema á Stjórnarsandi.

## 4.4 ÁHRIF AF LOFTMENGUN

Samkvæmt frummatsskýrslu getur sorpurðun valdið óþef í næsta nágrenni urðunarstaðar, sérstaklega ef illa er gengið frá urðun. Gasmyndun verður ekki umtalsverð vegna samsetningar úrgangs og smæðar urðunarsvæðanna. Útreikningar á

dreifingu loftmengunar frá fyrirhugaðri sorporkustöð sýna að hún verður undir viðmiðunarmörkum jafnvel þótt reiknuð gildi séu þrefölduð og þannig tekið tillit til mengunar af völdum olúkatla sem staðsettir eru í sama húsi.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að gera þurfi betri grein fyrir dreifingu loftmengunar frá sorporkustöðinni hvað varðar vindstefnu og vindstyrk. Staðsetning sorporkustöðvarinnar er ekki skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar um fjarlægð frá annarri starfsemi og því þurfi að afla undanþáguleyfis. Hollustuvernd ríkisins telur útreikninga og dreifingarspá sýna að vel kemur til greina að staðsetja brennslustöð af þessum toga mjög nálægt notanda á orku sem er í þessu tilfelli skóli. Hins vegar vanti upplýsingar um vindátt- og vindstyrksdreifingu til þess að átta sig á í hvaða vindátt megi búast við mestri mengun fyrir íbúa á staðnum. Hilmar Gunnarsson, Kirkjubæjarklaustri bendir á að við útreikninga á loftmengun hefði átt að taka tillit til fyrirhugaðs íþróttahúss sem líklegt er að reist verði í námunda við fyrirhugaða sorporkustöð.

Í svari Hönnunar hf. kemur fram að sótt verður um undanþágu til staðsetningar sorporkustöðvarinnar og talið líklegt að hún fáiast. Samkvæmt vindrósi og upplýsingum um vindstyrk frá árunum 1965-1971 stendur vindur af sorporkustöðinni á meginbyggðina á Kirkjubæjarklaustri í suðlægum áttum sem eru aðeins 10% af heildartíðni vindáttu. Algengasta vindáttin er austlæg og þá leggur útblástur austan við meginbyggðina en að hluta yfir skólann og í norðlægum áttum, sem eru næstalgengastar, leggur hann frá byggðinni suður yfir Skaftá. Einnig ber að geta þess að logn er 23% sumartímans og 17% vetrartímans.

Samkvæmt aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs er ekki gert ráð fyrir íþróttahúsi því sem Hilmar Gunnarsson nefnir og frá sveitarstjórn hafa ekki komið neinar upplýsingar um breytingar á aðalskipulaginu hvað það varðar.

#### 4.5 ÁHRIF Á GRÓÐUR

Samkvæmt frummatsskýrslu þekur gróður aðeins 5-8% yfirborðsins á fyrirhuguðu urðunarsvæði á Skógasandi og ber mest keim af melagróðri. Á svæðinu við Uxafótarlæk hefur verið sáð melgresi og teljast um 50% af því gróin. Urðunarsvæðið á Stjórnarsandi er innan landgræðslugirðingar, sunnanundir 50-60 m breiðu melgresibelti og eru um 75% svæðisins gróið land.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að leita þurfi álits sérfræðinga við val á plöntutegundum til uppgræðslu urðunarsvæðanna. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að þar sem urðun hafi farið fram á öllum urðunarstöðunum hafi væntanlega orðið breyting frá náttúrulegu horfi en lýsingu á því vanti í matsskýrsluna. Stofnunin telur gróðurlýsingu nokkuð lýsandi miðað við staðhætti sem bjóða upp á fremur fábreyttan gróður en bendir á að frumgögn vanti til að hægt sé að meta gæði þeirrar vinnu sem að baki liggur. Stofnunin bendir á að rökstuðning vanti fyrir því að ekki þurfi að gera neinar sérstakar ráðstafanir til verndar sveppategund sem aðeins hefur fundist hér á landi á Stjórnarsandi og því beri að taka tillit til hennar. Einnig er bent á sjaldgæfa mosategund sem er á valista og hefur aðeins fundist skammt vestan við urðunarstaðinn á Stjórnarsandi.

Í svari Hönnunar hf. kemur fram að lýsing á grunnástandi svæðanna sé miðuð við ástand þeirra nú en ekki gerður samanburður við það sem var áður en þeim var upphaflega raskað.

Í bréfi Ágúst H. Bjarnasonar, sem er fylgiskjal með svari Hönnunar hf., kemur fram að búið er að raska náttúrulegu umhverfi allra svæðanna sem hér um ræðir svo sem kemur m.a. fram í lýsingu á flóru á Stjórnarsandi og við Uxafótarlæk. Leitað var álit Helga Hallgrímssonar sveppafræðings á Egilsstöðum sem taldi enga ástæðu til að halda hlífiskildi yfir svæðinu á Stjórnarsandi vegna fundar sveppategundarinnar. Einnig er bent á að mosategundin hafi aðeins fundist á móbergsklettum við læk og fullyrt að engin vaxtarskilyrði séu fyrir hana á urðunarsvæðinu.

#### **4.6 ÁHRIF Á DÝRALÍF**

Samkvæmt frummatsskýrslu er fuglavarp hvergi verulegt nema við Uxafótarlæk, þar eru einkum tegundir af máfaætt. Einnig er nokkuð varp sunnan urðunarsvæðisins á Stjórnarsandi. Áhrif á dýralíf eru talin óveruleg vegna þess hve víðlend og opin svæðin eru og hvergi þrengrt að búsvæðum dýra.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur gögn um fuglalíf ófullnægjandi og að gera verði „almennilega lýsingu á fuglalífi“ og taka þurfi saman yfirlit um hversu líklegt sé að dýr og þá hvaða dýr, leiti á förgunarstaðina. veiðimálastjóri telur bein áhrif á fiskgengd í fallvötnum vera hverfandi en óbein áhrif gætu skapast vegna fjölgunar máfa ef urðun er ófullnægjandi.

Í bréfi Ágúst H. Bjarnasonar, sem er fylgiskjal með svari Hönnunar hf., kemur fram að engin úttekt var gerð á smádýra- og fuglalífi á umræddum svæðum. Hann bendir á að hvað fugla varðar sé hér um að ræða svo lítil, einsleit og afmörkuð svæði, á miklum víðáttum, að framkvæmdirnar kunni vart að hafa áhrif á fugla.

#### **4.7 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR OG LANDSLAG**

Samkvæmt fylgiskjöllum með svörum Hönnunar hf. eru allir urðunarstaðirnir á söndum mynduðum af árframburði. Myndun Skógasands má að stærstum hluta rekja til Kötluhlaupa síðustu árpúsundin. Uxafótarlækur er á Víkursandi sem er nýleg jarðmyndun að mestu orðin til við Kötluhlaup síðustu fjórar aldir. Frá um 1970 hefur ströndin við Vík verið að rofna eftir framgang í kjölfar Kötlugossins 1918.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að ef taka þarf efni til urðunar utan urðunarsvæðanna þurfi að vanda val efnistökusvæða svo og allan frágang. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að ekki sé hægt að ráða af matsskýrslunni hvort einhverjar merkar jarðfræðiminjar séu á urðunarsvæðunum en staðhættir bendi til að svo sé ekki.

#### **4.8 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR**

Engar menningarminjar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

#### **4.9 VÖKTUN**



Í frummatsskýrslunni er gert ráð fyrir að staðið verði að mengunarmælingum eins og kveðið er á um í væntanlegum starfsleyfum. Þar er ekki gert ráð fyrir vöktun lífríkis.

#### **4.10 SKIPULAG**

Staðsetning sorporkustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri er ekki í samræmi við aðalskipulag Kirkjubæjarklausturs en auglýst hefur verið breyting á því samhliða auglýsingu um mat á umhverfisáhrifum. Ennfremur var deiliskipulag allra urðunarstaðanna auglýst. Afgreiða þarf deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs þegar niðurstaða frummats liggur fyrir.

Í athugasemd Einars Sigurjónssonar hdl. kemur fram að deilt er um eignarhald á fyrirhuguðu urðunarsvæði á Stjórnarsandi. Niðurstaða í eignarhaldsmáli þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir verða heimilaðar á Stjórnarsandi.

Jafnframt er vísað til 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, þar sem fram kemur að framkvæmdirnar eru framkvæmdaleyfisskyldar.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Megintilgangur framkvæmdarinnar er að stuðla að heildarlausn sorpmála á samlagssvæðinu þannig að sorpförgun verði hagað í samræmi við kröfur sem gerðar eru til slíks reksturs.

Flokkun úrgangs og söfnun spilliefna er mikilvægur liður í mengunarvörnum ásamt daglegri urðun, fokvörnum og frágangi að urðun lokinni. Taka verður á þessum atriðum í starfsleyfum fyrir urðunarstaðina á Skógasandi, við Uxafótarlæk og á Stjórnarsandi og fyrir sorporkustöðina á Kirkjubæjarklaustri. Samfélagsleg áhrif framkvæmdanna eru talin jákvæð þar sem mörkuð er stefna í förgun úrgangs með tilliti til umhverfissjónarmiða. Tekið er undir ábendingar um að umfjöllun um endurvinnslu í ljósi stefnu stjórnvalda hefði mátt vera ítarlegri.

Sigvatn frá urðunarsvæðinu á Skógasandi er ekki talið hafa óásættanleg áhrif á grunnvatn vegna nálægðar við sjó og ekki er ástæða til að fylgjast sérstaklega með því. Við Uxafótarlæk eru aðstæður svipaðar og á Skógasandi. Í starfsleyfi verði ákvæði um flokkun á byggingarúrgangi þannig að hætta á grunnvatnsmengun verði í lágmarki. Á Stjórnarsandi verði í upphafi frekari framkvæmda grafinn rannsóknabrunnur samkvæmt nánari fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins og þar verði fylgst með hugsanlegum breytingum í efnasamsetningu grunnvatns. Vegna mikillar þynningar er ekki talin hætta á að sigvatn mengi Skaftá svo lífríki þar sé hætta búin.

Loftmengun frá urðunarstöðunum er ekki talin vandamál. Í starfsleyfi verði ákvæði um hvernig að urðun verði staðið þannig að hætta á lyktarmengun verði í lágmarki. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum verður loftmengun frá sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri innan allra viðmiðunarmarkna um loftgæði. Undanþága frá heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 vegna nálægðar sorporkustöðvarinnar við dvalarstaði fólks þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Náttúrulegu umhverfi í nágrenni sorporkustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri svo og á öllum urðunarsvæðunum hefur verið raskað af fyrri framkvæmdum en nú er fyrirhugað að stækka athafnasvæðin. Ekki er talin ástæða til takmörkunar athafnasvæðis á urðunarstöðunum frá því sem gert er ráð fyrir í frummatsskýrslunni né sérstakra aðgerða til varnar gróðri utan þeirra. Við frágang svæðanna verði tekið mið af gróðri í nágrenni þeirra og þau felld sem best að umhverfinu.

Dýralíf var lítið kannað á urðunarsvæðunum og á hugsanlegu áhrifasvæði í nágrenni þeirra. Tekið er undir það sjónarmið að um sé að ræða lítil einsleit svæði á miklum víðáttum en upplýsingar skortir til þess að fullyrða að starfsemin geti vart haft áhrif á lífríki utan athafnasvæðanna. Í ljósi reynslu frá öðrum urðunarsvæðum sækja máfar á urðunarsvæði. Því þarf að kortleggja máfabbyggðir innan 10-15 km fjarlægðar frá urðunarstöðunum þremur. Kortlagningin þarf að fara fram áður en frekari framkvæmdir hefjast og aftur þremur árum síðar. Þannig er unnt að fylgjast með hugsanlegum breytingum á máfabbyggðunum sem rekja mætti til breyttra lífsskilyrða með tilkomu urðunarstaðanna og grípa til gagnráðstafana á urðunarstöðunum ef þörf er talin á því.

Framkvæmdin er ekki talin raska jarðmyndunum á urðunarsvæðunum. Ef sækja þarf jarðefni til urðunar, eða uppbyggingar á vegum, út fyrir urðunarsvæðin er bent á að haft verði samráð við Náttúruvernd ríkisins um efnistöku. Fá þarf samþykki Vegagerðarinnar til tengingar vega við þjóðvegakerfið.

Framkvæmdin er ekki talin raska fornminjum.

Gengið er út frá því að í starfsleyfum verði sett ákvæði um vöktun umhverfisþátta svo sem efnainnihalds grunnvatns á Stjórnarsandi og kortlagningu máfabyggða innan 10-15 km fjarlægðar frá urðunarstöðunum þremur.

Urðunarsvæðið á Stjórnarsandi er á landi í eigu margra aðila og þar virðast eignarhlutar og landamerki óljós. Niðurstaða í eignarhaldsmáli þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir verða heimilaðar á Stjórnarsandi. Afgreiða þarf deiliskipulag urðunarsvæðanna og breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs þegar niðurstaða frummatið liggur fyrir.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og athugasemda er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð sorpförgun Byggðasamlagsins Hulu hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til ábendinga í 5. kafla er fallist á fyrirhugaða sorpförgun Byggðasamlagsins Hulu eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. maí 1998.

Reykjavík, 16. apríl 1998

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir